



FÉLAG ELDRI BORGARA  
Á AKUREYRI

## Fundargerð aðalfundar EBAK 1. apríl 2019

### 1. Setning aðalfundar

Haukur Halldórsson formaður EBAK.

#### Ávarp formanns

Ágætu félagar og aðrir góðir gestir, það er oft notaður sá frasi að við stöndum nú á tímamótum, og það má oft til sanns vegar færa. Landsamband eldri borgara (LEB) var stofnað hér á Akureyri fyrir 30 árum, ekki síst fyrir tilstuðlan forustumanna EBAK hér á Akureyri, en þá hafði félagið okkar þegar starfað í 6 ár. Fyrsti formaður landsambandsins var kosinn Aðalsteinn Óskarsson sem þá var formaður félagsins okkar. Í tilefni þessara tímamóta ætla ég að fara nokkrum orðum um þennan 30 ára ungling og um starf og hlutverk LEB eins og það kemur mér fyrir sjónir í dag.

Ég tel að LEB hafi miklu hlutverki að gegna sem regnhlífasamtök allra aðildafélaga, bæði varðandi hvers konar fræðslu um málefni aldraða og sömuleiðis hvetur það og aðstoðar við margs konar starf félaganna. LEB vinnur að hagsmunagæslu félaga sinna á breiðum grundvelli, bæði gagnvart ríki og sveitarfélögum. Þar ber hæst krafa um, annars vegar bætta aðstöðu í hjúkrunar- og dvalarheimilum, ásamt því að nægt framboð verði á húsnæði sem hentar öldruðum. Þá er rétt að benda á að eldri borgarar hafa hvorki verkfallsrétt né samningsrétt (skv. lögum) um kjör sín. Þess vegna veltur það á miklu að þannig sé haldið á málum að almenningi og þá að ríkisvaldinu telji sér rétt og skylt að eldri borgarar hafi sambærilegar tekjur og aðrir hópar samfélagsins og engin þurfi að líða skort á ævikvöldinu.

Ég sé fyrir mér að LEB hafi jafnvel enn mikilvægara hlutverki að gegna í framtíðinni. Nú hefur það baráttumál um skipan öldungaráða í öllum sveitarfélögum náð fram að ganga og eru miklar vonir bundnar við þann vettvang. En öldungaráð er eins og segir í lögnum um þau að öldungaráðin skulu vera vettvangur samráðs við viðkomandi sveitarfélags og eldri borgara um öll þau mál sem snerti þá. Eldri borgarar eru í dag sirka 45 þús. og fjölgar ört á næstu árum. Þess vegna finnst mér eðlilegt að komið verði á stjórnsýslulega samsvarandi vettvangi (öldungaráði) á milli ríkisvaldsins og LEB. Þá telja margir að fjórða iðnbyltingin sé framundan, og víst er að hún mun ekki fara fram hjá garði aldraða, því verða þeir að búa sig undir hana eins og aðrir. Væntanlega mun hún framkalla hækkun meðalaldurs og meiri frítíma. Þar mun velferðartækni í ýmsum myndum halda innreið sína með sífellt meiri kröfu um tölvulæsi, þar verður verk að vinna fyrir LEB, því í dag er einungis helmingur eldri borgara sem hefur þá tölvufærni sem er nauðsynlegt í samfélaginu á næstunni. Eldri borgarar mega ekki líta á þessa þróun sem ógnun, þvert á móti verðum við að búa okkur undir þessa breytingu sem best, með markvissri endurmenntun og aðlögun. Aukin tölvufærni eldri borgara mun gefa þeim mjög aukna möguleika til þess að takast á við lífið í leik og starfi. Og vonandi eiga þátt í þeirri draumsýn um áhyggjulaut ævi kvöld.

**Minnst látinna félaga.** Frá því að við vorum hér á síðasta aðalfundi fyrir um ári síðan hafa nokkrir félagar okkar verið kallaðir af þessum heimi yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda um að rísa úr sætum og minnst þessara félaga okkar um leið og við sendum ættingjum þeirra samúðarkveðjur.

#### Setning fundarins

Lögmæti fundarins var kannað og tekið fram að aðeins félagsmenn hefðu kosningarétt. Formaður sagði aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri og nágrenni 2018 settan og bar upp tillögu stjórnar um

starfsmenn fundarins, Hákon Hákonarson sem fundarstjóra og að ritara yrðu Margrét Pétursdóttir ritari félagsins og Garðar Lárusson meðstjórnandi. Tillagan var samþykkt samhljóða og fundarstjóri og ritara tóku til starfa.

## **2. Skýrsla stjórnar starfsárið 26. mars 2018 til 1. apríl 2019.**

Haukur Halldórsson formaður flutti skýrslu stjórnar EBAK

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfsárinu: formaður Haukur Halldórsson, varaformaður Halldór Gunnarsson, gjaldkeri Dóra Steinunn Jónasdóttir, ritari Margrét Pétursdóttir, meðstjórnendur Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson og Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir. Varamenn voru: Kolbrún Kristjánsdóttir, Egill Jónsson og Birgir Björn Svavarsson. Framkvæmdaráð starfar innan stjórnar en í því sitja formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri.

13 bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Auk þess kom framkvæmdaráðið oft saman til að undirbúa stjórnarfundir og vinna að öðrum verkefnum félagsins. Einnig sátu stjórnarmenn ýmsa aðra fundi eins og fram kemur síðar.

### **Nefndir félagsins:**

Stór hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda en fastanefndir eru líkt og áður: Skemmtinefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd, kaffinefnd, spilanevnd félagsvistar og í keppnisbridge, göngunefnd, netmiðlanefnd og golfnefnd. Á vegum stjórnar starfaði gönguklúbbur í sumar og fram í september. Bugðusíðunefnd og Víðilundarnefnd önnuðust sumaropnun í félagsmiðstöðunum í sumar. Einnig er starfandi á vegum félagsins uppstillinganefnd og nýlega var stofnuð húsnaðisnefnd. Starfslýsingar nefnda hafa verið endurskoðaðar og uppfærðar í samvinnu við þær. Formenn eða talsmenn nefnda gera hér á eftir grein fyrir starfi nefnda sinna, Ég vil nota þetta tækifæri fyrir hönd stjórnarinnar til þess að þakka öllum nefndum fyrir vel unnin störf á árinu.

### **Tillögur samþykktar á síðasta aðalfundi og afdrif þeirra.**

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fela stjórn félagsins að hefja viðræður við Akureyrarbæ um mögulegar breytingar og/eða stækkun á húsnaði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1. Stjórnin hefur unnið að þessu og átt fundi með Akureyrarbæ um málið. Sett var á stofn sérstök húsnaðisnefnd sem eru að vinna að framgangi málsins. Nefndina skipa þau Hákon Hákonarson, Helga Jónsdóttir og Birgir Björn Svavarsson.

Einnig var samþykkt ályktun þar sem aðalfundurinn hvetur bæjaryfirvöld til þess að efla starfsemi öldungaráðsins með það að markmiði að ráðinn verði öflugur samráðsaðili um málefni aldurshópsins 60 ára og eldri í bæjarfélaginu. Þessi tillaga var send til bæjarstjórnar.

### **Auka landsfundur LEB var haldinn 24. apríl 2018.**

Hann var haldinn eins og ákveðið var á landsfundi LEB 2017 til afgreiðslu á þeim breytingum á samþykktum LEB sem millipinganefndin lagði til. Þeir fjórir fulltrúar sem sitja í framkvæmdaráði EBAK sátu þennan fund. Hann var tvískiptur. Fyrri hlutinn var um félags- og fræðslumál en seinni hlutinn var hinn eiginlegi aukalandsfundur LEB. Þórunn Sveinbjörnsdóttir kom víða við í setningarræðu sinni, fjallaði um nauðsynlegar lagfæringar á kjörum eldra fólks. Hún nefndi hóp aldraðra innflytjenda sem þyrfti að taka með í starfsemi á vegum eldri borgara. Einnig úrræðaskort fyrir aldraða sjúklinga sem sitja fastir á Landsspítalanum.

Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra ávarpaði fundinn og hvatti menn til dáða. Hann skýrði frá stofnun starfshóps til að gera tillögur að breytingum á lögum um Almannatryggingar, sérstaklega með tilliti til þess hóps aldraðra sem búa við lókustu kjörin. Seinna kom svo í ljós að ráðherra fól formanni okkar, Hauki Halldórssyni að stýra þessum starfshópi. Næst voru tvö fræðsluerindi. Annars vegar um velferðartækni og hins vegar um vaxandi fjöldi eldri borgara og ýmis verkefni tengd því.

Pórhildur Egilsdóttir var með það fyrra. Hún benti á nauðsyn þess að nýta velferðartækni til að létta störf og auðvelda aðgang að upplýsingum, nefndi námskeið í notkun spjaldtölva og snjallsíma og að fara inn á heilsuvera.is. Einnig nefndi hún að í Bretlandi væri kominn sérstakur ráðherra gegn einmanaleika.

Valgerður Freyja Ágústsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fjallaði um sveitarstjórnarmál í aðdraganda kosninga. Hennar áhersluatriði voru vaxandi fjöldi eldri borgara og nauðsyn samfellu í þjónustu við þennan hóp þar sem lífsgæði væru höfð að leiðarljósi. Eldri borgarar yrðu 20% þ.e. fimmtungur samfélagsins árið 2039 og fjórðungur 2065 og allir með kosningarétt!

Aukalandsfundurinn fjallaði síðan um samþykktarbreytingar sem fólu í sér breytingu á fjölda og samsetningu fulltrúa á landsfund LEB. Hvert aðildarfélag á rétt á einum fulltrúa ef félagsmenn eru færri en 150. Stærri félögin fá tvo fulltrúa fyrir 150 – 300 félagsmenn og síðan einn fyrir hverja 300 félagsmenn, eða brot úr þeirri tölu. Varamenn eiga að vera jafnmargir og aðalfulltrúarnir. Af þessu leiðir að stærstu félögin ráða mestu um starf og stefnu LEB.

Að síðustu var ályktað um kjaramál aldra og heilbrigðismál.

Landsfundur LEB 2019 verður 10. og 11. apríl nk. og þá hefur EBAK rétt á 6 fulltrúum samkvæmt nýju samþykktunum. Þetta er 30 ára afmælisfundur.

### **Rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu kominn til EBAK**

Samkvæmt samningi við Akureyrarbæ tók EBAK við stjórn og rekstri félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1. júní 2018. Akureyrarbær leggur til fjármuni sem samsvarar launum fyrir eina stöðu starfsmann en ákveðið var að skipta því í tvö hlutastörf.

Linda Hrönn Sigfúsdóttir var ráðin frá 1. júní 2018 í 37,5% starf sem verkstjóri starfseminnar hér í Bugðusíðu. Hún sá líka um starfsemina í Víðilundi í júlí. Sunna Dögg Tavsén var ráðin 15. september 2018 í 50% starf. Þær hafa unnið vel og flest gengið eins til stóð.

Samið var við Matsmiðjuna um að koma með hádegisverð í bökkum í Bugðusíðu fyrir þá sem pöntuðu hann fyrir kl. 10 að morgni. Starfsmennirnir sjá um að taka á móti bökkunum og taka við greiðslu fyrir matinn. Þetta er starfsemi sem félagið þarf að efla þar sem margir eldri borgarar hafa lítinn áhuga á eldamennsku og sumir lenda jafnvel í heilsufarsvanda vegna einhæfrar fæðu og vannæringar. Auk þess finnst mörgum mun skemmtilegra að snæða í góðum félagsskap en einn inni í íbúð.

### **Margþætt samstarf við Akureyrarbæ.**

Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður tómsundamála er tengiliður okkar við bæjaryfirvöld en hennar yfirmaður er Kristinn Reimarsson sviðsstjóri samfélagssviðs. Gott og ánægjulegt samstarf hefur verið við hana og aðra starfsmenn bæjarins. Skipulagning og framboð á ýmsum námskeiðum í handverki, málun og fleiru hefur verið í höndum Birnu Hermannsdóttur, Rósu Matthíasdóttur og fleiri aðila, húslestur hefur Hjördís Frímánn séð um. Þökkum við þeim kærlega fyrir allt þeirra góða framlag.

### **Ráðstefna í samvinnu við HA**

Fræðslunefnd EBAK hefur annað hvert ár staðið fyrir ráðstefnu í samvinnu við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri. Síðasta ráðstefna var 12. apríl 2018 og fjallaði um félagsauð og heilsu á efri árum. Hún bar heitið „Maður er manns gaman“. Ráðstefnunni stýrði Guðrún Sigurðardóttir og Ragnheiður Gestsdóttir setti hana. Fjölmenni sótti ráðstefnuna og gerður var góður rómur að fyrirlestrum og framkvæmd.

### **Ýmsir fundir.**

Stjórn EBAK og öldungaráð Akureyrarbæjar boðuðu til tveggja opinna kynningarfundna á starfsárinu. Sá fyrri var haldinn 30. apríl sl. Halldór S. Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri búsetusviðs Akureyrarbæjar fjölluðu um nýsköpun og velferðartækni í öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbæ. Fram kom á fundinum að velferðartækni er í hraðri þróun og mikilvægt að við nýtum okkur hana til að bæta lífsgæði eldra fólks á okkar svæði. Um 50 manns mættu á fundinn.

Seinni opni kynningarfundurinn var haldinn 17. maí sl. Frummælendur á fundinum voru Dagbjört Pálsdóttir formaður öldungaráðs sem kynnti starfsemi ráðsins. Halldór S. Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri búsetusviðs Akureyrarbæjar gerðu grein fyrir þjónustu Akureyrarbæjar við eldri borgara. Á milli 40 og 50 manns sótti fundinn.

Báðir þessir fundir heppnuðust vel og mun stjórn félagsins leggja áherslu á að framhald verði á samstarfi við öldungaráð um fundahöld fyrir félagsmenn og aðra eldri borgara á Akureyri.

Eining/Iðja og Símei óskuðu eftir því við stjórn EBAK að fá kynningu á félaginu og starfsemi þess á starfslokanámskeiði sem haldið var 25. apríl sl. Halldór Gunnarsson, varaformaður félagsins tók að sér að sjá um kynninguna fyrir hönd stjórnar. Kynningarefni um félagið á glærum sem stjórn EBAK bjó til fyrir kynninguna nýttust vel.

Kynningarfundur var haldinn í velferðarráðuneytinu 6. september sl. um nýbreytni í þjónustu við Öldrunarheimili Akureyrar. Fundinn sátu heilbrigðisráðherra, sérfræðingar úr ráðuneytinu, varaformaður Landssambands eldri borgara, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, framkvæmdastjóri og stjórnendur frá Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar og varaformaður EBAK.

Tilfni fundarins var kynning og umræða um tímabundna breytingu á nýtingu tíu hjúkrunarrýma við Öldrunarheimili Akureyrar. Vinnuheiti verkefnisins er - „úr dvöl í þjálfun.

Öldrunarheimili Akureyrar hafa unnið að þróun þessa verkefnis um nokkurt skeið. Við undirbúning er byggt á reynslu og rannsóknum sem leiða í ljós þörf fyrir einstaklingsmiðaðar áherslur og sveigjanlegri þjónustu en staðið hefur til boða. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á fjölbreytta dag- og sólahringsþjónustu, þar sem unnt er að mæta ólíkum þörfum notenda, bæði hvað varðar inntak þjónustunnar og opnunartíma. Fyrstu skref í framkvæmd verkefnisins hafa þegar verið stigin.

Lýsa, - „rokkhátíð samtalsins“ var haldin 7. og 8. september sl. hér á Akureyri í annað sinn. Þetta er nýtt fundaform að norrænni fyrirmynd, samtal fólksins. Haukur formaður var fulltrúi EBAK á fundinum.

Hinn árlegi haustfundur stjórnar með nefndum og klúbbum félagsins var haldinn 22. september sl. Formenn og/eða talsmenn nefnda og klúbba gerðu grein fyrir því tómsunda- og félagsstarfi sem boðið var upp á frá aðalfundi 26. mars 2018 og því starfi sem yrði á dagskrá haustannar 2018 og vorannar 2019. Þá gerðu stjórnarmenn grein fyrir ýmsum málum og verkefnum sem vinna þarf að. Skipst var á skoðunum um ýmislegt sem lítur að starfsemi félagsins og innra starfi.

Viðræður Búfesti hsf og EBAK um byggingu íbúða á Akureyri fyrir aldurshópin 60 + og aðra hópa hófust á árinu 2017. Viðræðum hefur verið haldið áfram á starfstímanum milli aðalfunda. Byggingaáform Búfesti eru áhugaverð fyrir eldri borgara hér á Akureyri. EBAK hefur með viljayfirlýsingu án fjárskuldbindinga lagt Búfesti lið hvað varðar möguleika til þess að bæjaryfirvöld úthluti Búfesti heppilegum lóðum fyrir byggingu íbúða sem henta eldri borgurum.

Á vegum EBAK og Búfesti hsf var haldinn opinn kynningarfundur í félagsmiðstöðinni Bugðusíðu 22. nóvember sl. Á fundinum kynntu forráðamenn Búfesti áform félagsins um byggingu íbúða á Akureyri fyrir 60 + og aðra aldurshópa. Fundinn sóttu um 80 manns.

## **Ýmis málefni.**

Ný samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar var afgreidd á bæjarstjórnarfundi 19. febrúar sl. Bæjarlögmaður ásamt öldungaráði bæjarins og bæjarfulltrúum unnu að breytingum á eldri samþykktum ráðsins frá árinu 2015.

Ný lög frá Alþingi sem tóku gildi 1. október 2018 snerta starfsemi öldungaráðs umtalsvert. Í lögnum segir m.a. – Í hverju sveitarfélagi eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála.

Fulltrúar EBAK í öldungaráði þau Sigríður Stefánsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Halldór Gunnarsson sem kosin voru á aðalfundi félagsins 2018 eru tilbúin til að starfa áfram. Samkvæmt nýju samþykktinni fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar skal félagið tilnefna þrjá varamenn í ráðið, en ekki einn eins og var í eldri samþykkt ráðsins. Tillaga um skipun þriggja varamanna verður borin upp síðar á fundinum.

Ný afsláttarbók Landsambands eldri borgara í samvinnu við félag eldri borgara í Reykjavík hefur verið gefin út, en hún var síðast gefin út 2014. Í bókinni má lesa um afslætti á vörum og þjónustu til handa eldri borgurum vítt og breytt um landið gegn framvísun félagsskírteinis. Töluvert hefur verið spurt um bókina undanfarin misseri. Garðar Lárusson stjórnarmaður EBAK annaðist fyrir hönd stjórnar uppfærslu á skráðum aðilum hér á Akureyri sem veita afslætti á vörum og þjónustu.

Settar hafa verið reglur um skráningu á þátttöku félagsmanna og annarra eldri borgara í tómstanda- og félagsstarfi EBAK og viðburðum á vegum félagsins. Í starfslýsingum nefnda og klúbba sem nú eru í endurskoðun er eftirfarandi tillaga: Þátttöku í öllum viðburðum og fundum á vegum nefnda þarf að skrá hvort sem þeir fara fram innan eða utan félagsmiðstöðvanna. Gjarnan skal skipta henni eftir kynjum. Þátttöku sem ekki er skráð í dagbók skal skila skriflega til starfsmanns EBAK, sem heldur rafrænt utan um allar þátttökuskráningar.

Starfslýsingar nefnda félagsins voru unnar í samstarfi stjórnar og nefnda á árunum 2015 og 2016 með þeirri yfirlýsingu að þær yrðu endurskoðaðar fyrir árslok 2019. Í 9. gr. samþykktu EBAK er kveðið á um gerð starfslýsinga. Endurskoðun þeirra hefur verið í vinnslu frá því í byrjun febrúar og er hún langt komin. Hún er gerð eins og áður í samráði við nefndir og klúbba félagsins. Fyrir hönd stjórnar hafa þeir Hallgrímur Gíslason og Halldór Gunnarsson annast þetta verkefni.

Dansklúbbur á vegum EBAK var stofnaður 20. febrúar sl. Stofnfélagar eru um 40. Á árinu 2018 hélt félagið tvö dansnámskeið fyrir eldri borgara og varð þátttakan á milli 40 og 50 manns. Danskennari var Anna Breiðfjörð. Á námskeiðunum kviknaði sú hugmynd hjá þátttakendum að stofna dansklúbb. Og hefur því nú verið hrint í framkvæmd. Til að byrja með yrði hann opinn þeim sem þátt tóku í námskeiðunum. Hugmynd er um að halda þriðja dansnámskeiðið í haust og þátttakendum í því boðin aðild að klúbbnum. Óski fleiri eftir inngöngu er gert ráð fyrir að stofna aðra deild innan klúbbsins, með sérstakri stjórn. Ákveðið hefur verið að koma saman og dansa 5 sinnum á vorönninni. Umsjón með starfi dansklúbbsins hafa Halldór Gunnarsson, Dóra S. Jónasdóttir og Hallgrímur Gíslason og makar þeirra. Halldór, Hallgrímur og Margrét stjórnarmenn í EBAK tóku á móti Atla Rúnari í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu þann 9. febrúar. sl. Atli Rúnar kom á vegum Landssambands eldri borgara og var erindi hans að afla fréttu og kynna sér starfsemi félagsins, húsakynni félagsins í Bugðusíðu, starfsemi öldungaráðs, samskiptin við Akureyrarbæ og önnur málefni sem varða félagið. Mikilvægt er að samskipti af þessu tagi eigi sér stað milli Landssambandsins og aðildarféлага þess vítt og breytt um landið. Grein eftir Atla Rúnar um heimsóknina er að finna á fésbókarsíðu EBAK og á heimasíðu LEB – Landssambands eldri borgara. Greinin ber heitið; „Í mörg horn að líta á Akureyri.“

EBAK voru gefnar tvær flosmyndir í vetur sem nú prýða veggjalarins hér. Önnur myndin er eftir Þuríði Þorsteinsdóttur og er gjöf frá henni. Hin myndin er gjöf frá Bergmundi Stefánssyni, en myndin er eftir Þórhöllu Svanholt Björgvinsdóttur. Fyrir hönd félagsins færi ég gefendum innilegar þakkir fyrir þessi fallegu listaverk.

Á stjórnarfundum EBAK 31. október 2018 fór fram umræða um nauðsyn þess að gerð verði vönduð og ýtarleg viðhorfskönnun á líðan, kjörum og viðhorfum eldri borgara á Akureyri. Könnunin náir m.a. til þjónustu bæjarins, þjónustu ríkisins og annarra aðila sem fara með málefni þessa aldurshóps. Þá þurfi könnunin einnig að upplýsa um viðhorf eldri borgara til þess félags- og tómskundastarfs sem stendur þeim til boða í bæjarfélaginu í dag. Könnunin verði gerð á vegum Akureyrarbæjar í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Félag eldri borgara á Akureyri og öldungaráð bæjarins. Sérstök bókun um gerð viðhorfskönnunar var samþykkt á stjórnarfundum félagsins 31. október sl. Hún var rædd á fundi frístundaráðs 21. nóvember og vísað til bæjarráðs. Á fundi bæjarráðs 29. nóvember var málið tekið fyrir og bæjarstjóra falið að boða til fundar með fulltrúum úr stjórn EBAK og fulltrúum frá Akureyrarbæ. Sá fundur var haldinn 19. desember. Halldór S. Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar tók að sér eftir fundinn að að skoða þessi mál frekar. Hann kom á stjórnarfundum EBAK 13. mars sl. og ræddi m.a. um að hann biði eftir upplýsingum frá velferðarráðuneytinu og fleiri aðilum sem

hefðu gert ýmsar viðhorfskannanir m.a. á landsvísu um líðan og viðhorf eldri borgara. Upplýsingar úr þeim könnunum og spurningaform gæti nýst okkur ef farið verður í viðhorfskönnun hér á Akureyri. Endurbætur í félagsmiðstöðinni Bugðusíðu urðu nokkrar á starfstímanum milli aðalfunda. Nýir hátalarar voru settir upp í salnum. Herbergið við hliðina á salnum málað, keypt ný húsgögn og sjónvarp. Nú heitir þetta rými – „Betri-stofan.“ Á skrifstofu félagsins var hagrætt og nýtt borð sett undir tölvubúnað og ljósritunarvél. Ýmislegt í félagsmiðstöðinni þarfnast viðhalds og endurnýjunar.

### **Fjárhagur félagsins.**

Gjaldkeri félagsins gerir grein fyrir fjárræðum félagsins og leggur fram ársreikning félagsins. Segja má að reksturinn sé í jafnvægi. Félagar í EBAK voru í ársbyrjun 2018 tæplega 1400 en í árslok rúmir 1500.

### **Þakkir.**

Þakka meðstjórnendum gott samstarf á árinu en þar eru flestir mjög virkir í starfi meðal annars vegna ákveðinnar verkaskiptingar sem við höfum með okkur.

Að lokum vil ég þakka ykkur kæru félagsmenn sem hafa treyst mér að starfið á árinu. Jafnframt vil ég þakka öllum þeim sem ég hef átt samstarf við á árinu vegna starfa minna fyrir félagið. Og þá vil ég sérstaklega þakka þeim sem hætta í stjórn og nefndum á vegum félagsins fyrir vel unnin störf.

### **3. Reikningur félagsins árið 2018**

Hallgrímur Gíslason stjórnarmaður í EBAK gerði grein fyrir reikningum ársins 2018 í fjarveru gjaldkera EBAK, Dóru Steinunnar Jónasdóttur, sem kom seinna á fundinn. Reikningarnir voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum reikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 7.256.304 og rekstrargjöld kr. 7.576.062. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði því kr. 319.758. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og dráttarvöxtum eru kr. 1.200.349, þannig að hagnaður ársins er kr. 880.591. Óreglulegar tekjur voru 4.497.675 þannig að heildarhagnaður ársins var kr. 5.378.266.

Hörleifur Hallgríms Herbertsson spurði um óreglulegar tekjur upp á kr. 4.497.675. Haukur Halldórsson skýrði að þetta væru uppgjör frá tryggingasjóði hjá Íbúðalánasjóði vegna inneignar sem ekki var vitað um.

Spurt var hvers vegna stærri viðburðir eins og aðalfundir væru haldnir í Bugðusíðu en ekki í Víðilundi, þar sem þar væri stærri salur.

Bergljót benti á að það væru tvær félagsmiðstöðvar. Íbúar í Víðilundi geta leigt salinn þar.

Hörleifur Hallgríms spurði um stjórnunarkostnað. Haukur Halldórsson og Hallgrímur Gíslason skýrðu hann.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar og samþykktir með þorra atkvæða, enginn var á móti.

### **4. Árgjald félagsins fyrir 2020.**

Tillaga stjórnar um breytta tímasetningu á ákvörðun árgjalds fyrir árið 2020.

Haukur Halldórsson formaður bar upp þá tillögu stjórnar að árgjaldið verði óbreytt á þessu ári, en árgjald fyrir árið 2020 verði ákveðið á næsta aðalfundi, þ.e. árgjald verði ákveðið fyrir viðkomandi ár. Þar sem breytingar á árgjaldi til LEB eru fyrirsjáanlegar, er eðlilegt að hafa þær til hliðsjónar við ákvörðun árgjalds fyrir 2020. Umræður og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **5. Skýrslur fastanefnda EBAK starfsárið 26. mars 2018 til 1. apríl 2019.**

**Ferðanefnd** Hulda Eggertsdóttir formaður nefndarinnar flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 - 2019. Nefndina skipa: Hulda Eggertsdóttir formaður, Hákon Hákonarson varaformaður, Karl Jörundsson ritari, Ásgerður Snorradóttir gjaldkeri, meðstjórnendur eru Karl Steingrímsson, Kolbrún Kristjánsdóttir og Rafn Sveinsson. Nefndin hefur haldið 14 reglulega fundi auk ótalinnna símafunda.

Fyrsta verkefni tímabilsins var leikhúsférf. Farið var í Freyvangsleikhúsið á leikritið „Þrek og tár“. Góður rómur var gerður að sýningunni og kaffiveitingar voru í hléinu.

24. maí bauð Akureyrarbær og áhöfnin á Húna eldri borgurum í siglingu um Eyjafjörðinn okkar og var það afar skemmtileg ferð.

Farin var ferð til Vestmannaeyja og um Suðurland dagana 19. - 22. júní. Fararstjórar voru Hákon og Rafn. Þessi ferð var einstaklega vel heppnuð í alla staði.

Dagsferð var farin þann 10. júlí. Farið var fram Bárðardal, um Engidal og þaðan niður í Mývatnssveit. Góð ferð og vel sótt. Fararstjórar voru Ásgerður og Hulda.

12. - 15. ágúst var ferð um Austurland. Fararstjórar þar voru þeir Karl Jörundsson og Karl Steingrímsson. Það var vel heppnuð ferð.

Ferðanefnd ásamt skemmtinefnd stóðu fyrir jólahlaðborði sem haldið var í Mývatnssveit 4.- 5. des., gist á Fosshótel. Komið var við í nýju sjóböðunum við Húsavík. Mikil ánægja var með þessa ferð.

Þann 12. des. var eldri borgurum boðið að aka um nýju Vaðlaheiðargöngin og ferðanefndin fengin til að skipuleggja þann viðburð.

Ferðakynning var haldin í Bugðusíðu þann 23. febrúar. Fullt var út úr dyrum og gerður góður rómur að ferðunum sem eru í boði í sumar og mikið bókað í þær allar.

Vetrarferðin í sólina var síðan farin 27. febrúar – 20. mars. Farið var til Tenerife og gist á Hótel Best Tenerife. Fullbókað var í ferðina og allir ánægðir.

Þann 30. mars var svo farin leikhúsferð á Breiðumýri að sjá leikritið Brúðkaup. Boðið var upp á kaffi og vöflur í hléinu.

Þetta er yfirlit yfir það sem við höfum gert á tímabilinu. Fararstjórar hveftrar ferðar bera ábyrgð á sínum ferðum og gera fjárhagsáætlun þar um. Flestar ferðir standa undir sér fjárhagslega.

Innistæða á reikningum 252.502 kr.

Ég vil að endingu þakka mínu frábæra nefndarfólki fyrir gott samstarf. Einnig vil ég þakka stjórn félagsins fyrir að standa vel við bakið á okkur í öllu sem að við gerum.

**Fræðslunefnd** Hólmfríður Guðmundsdóttir formaður nefndarinnar flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 – 2019. Fræðslunefndina skipa Hólmfríður Guðmundsdóttir formaður, Stefán Vilhjálmsson gjaldkeri, Grétar G. Ingvarsson, Guðrún Sigurðardóttir og Ragnheiður Gestsdóttir.

Frá aðalfundi 2018 hafa verið haldnir 18 formlegir fundir í fræðslunefnd einnig hafa verið óformleg símtöl og tölvupóstar í allar áttir. Skipulagðir voru viðburðir í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu að meðaltali tvisvar í mánuði yfir vetrarmánuðina og hefur aðsókn alla jafna verið mjög góð. Frá því á aðalfundi félagsins á síðasta ári höfum við skipulagt eftirfarandi:

Ráðstefna í 1 dag í samvinnu við HA, ½ dags ferð á sögustaði fram í Eyjafjörð, 2 bókakynningar, 14 fræðsluerindi, námskeið í tölvulæsi, námskeið í bridge, námskeið í skapandi skrifum, 2 leshringir sem hittast á bókasafninu.

Þátttakendur í ferðinni, bókakynningunum og á fyrirlestrunum voru samtals 774 eða að meðaltali ca. 45,5 þátttakendur á viðburð. Á bridge námskeiðinu og skapandi skrifum voru 12 þátttakendur á hvoru og 20 manns skráðir á tölvunámskeiðið. Ef við áætlum að leshóparnir hafi hist 16 sinnum hvor á þessu ári þá gerir það u.þ.b. 300 heimsóknir á okkar vegum á safnið í vetur.

Málþingið sem haldið var í fyrra vor í samvinnu við Háskólann á Akureyri var mjög vel sótt, áætlað var að við setningu þingsins hafi verið mættir hátt á annað hundrað manns.

Þáttaka í viðburðunum okkar hefur því verið mjög góð á þessu starfsári.

Kostnaður af starfi fræðslunefndar er lítil. Flestir viðburðir eru þess eðlis að þeim fylgir lítil sem enginn kostnaður. Dýrust eru málþingin. Fræðslunefnd sækir um peninga til stjórnar þegar þarf að borga eitthvað og stjórnin hefur alltaf brugðist jákvætt við þessum erindum okkar.

Fundargerðir fræðslunefndar eru allar aðgengilegar í tölvu félagsins hér inni á skrifstofunni.

**Golfnefnd.** Sólveig Gunnarsdóttir flutti skýrslu golfnefndar fyrir 2018 – 2019. Hlynur Jónasson sem var formaður þessarar golfnefndar þurfti að hætta vegna veikinda en í hans stað kemur Eyþór Gunnþórsson og svo er Ingi Þór Jóhannsson ásamt mér.

Yfir veturinn höfum við í samstarfi við Golfklúbb Akureyrar fengið tíma í pútti í Íþróttahöllinni. Í vetur höfum við verið með 2 tíma á viku þ.e. tvo hópa. Það eru 35 skráðir og er þeim skipt í þessa tvo hópa. Þannig að hver maður fær bara einn tíma á viku. Þetta hefur gengið ágætlega, það mesta sem hefur verið er 16 manns sem er auðvitað í mesta lagi. Það er einhvern veginn þannig að þetta gamla fólk hefur svo mikið að gera í ferðalögum og ýmsu öðru að það getur ekki alltaf mætt. Í fyrra voru yfir 50 skráðir og þá vorum við með 3 tíma á viku.

Í sumar fáum við svo 2 tíma á viku í pútti uppi á Jaðarsvelli án endurgjalds. Þessir tímar eru á mánudögum og fimmtudögum milli klukkan 9 og 10 og er reiknað með að fólk geti mætt í báða tímuna þ.e. tvisvar í viku. Við höfum verið með þessa tíma undanfarin sumur en þeir voru sérstaklega illa sóttir í fyrrasumar. Síðan er frábært að vera á Dúddesen vellinum sem er 6 holu völlum. Dagurinn á hann kostar 1500 kr. En sumarið kostar 19.800 kr.

Við höfum ekkert látið borga í vetur. Í sjóði eru 287 þúsund krónur.

**Göngunefnd** Soffía Jónsdóttir formaður flutti skýrslu göngunefndar fyrir 2018 – 2019. Göngunefnd félags eldri borgara Akureyri 2018 var þannig skipuð: Formaður Soffía Jónsdóttir, varaformaður Júlíana Tryggvadóttir, gjaldkeri Jakob Jóhannesson, ritari Unnur Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi Finnur Marinósson.

Nefndin sá að venju um gönguferðir í Kjarnaskóg alla þriðjudagsmorgna í júní, júlí og ágúst síðasta sumar, að einum undanskildum, en þá var farin óvissuferð á vegum göngunefndar. Í gönguferðirnar mættu 22-40 manns, samanlagt 361 eða rúmlega 30 í hverri ferð að jafnaði. Í einni ferðinni kom Pálmi Stefánsson með harmoniku og spilaði fyrir fólkið, sem söng með (svona sumir.) Í síðustu ferðinni bauð Ingólfur Jóhannsson framkvæmdarstjóri í Kjarnaskógi, upp á ketilkaffi í nýju aðstöðunni í skóginum, en við keyptum snittur, kleinur og vinarbrauð með kaffinu. Mæltist þetta vel fyrir.

Í óvissuferðina fóru 49. Lagt var af stað frá Lindasíðu kl. 9,30 og svo stoppað á sömu stöðum og þegar farið er í Kjarnaskóg. Ekið var austur yfir Víkurskarð og að munna Vaðlaheiðargangna þar sem leiðsögumaður var tekinn með. Farið var í gegnum göngin og sagði leiðsögumaðurinn frá gangi mála og ýmsu sem skeði við gröftinn. Þaðan var ekið aftur til Akureyrar, í Víðilund, til að létt á sér og svo til Dalvíkur. Þar borðuðum við súpu og brauð í Bergi. Næst fórum við til Ólafsfjarðar, hvar skoðuð voru gallerí og sýning í Pálshúsi. Nú tók kirkjuræknin völdin, því hópurinn fór í kirkju, þar sem sóknarpresturinn, organistinn og Jón Þorsteinsson söngvari tóku á móti okkur. Áttum við þar ljúfa stund á meðan regnið buldi úti. Á heimleiðinni fórum við í kaffi og meðlæti á Baccalábar á Hauganesi. Virtist fólkið njóta ferðarinnar, þó veðrið léki ekki við okkur. Alla vega var ferðanefndin föðmuð og knúsuð í bak og fyrir. Þessi ferð var að öllu leiti greidd af þátttakendum, en í ferðirnar í Kjarnaskóg greiddi félagið fyrir rútuna.

**Skemmtinefnd** Birgir Sveinbjörnsson formaður nefndarinnar flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 – 2019. Nefndina skipuðu Birgi Sveinbjörnsson formaður Freysteinn Bjarnason varaformaður, Ágúst Ellertsson gjaldkeri, meðstjórnendur Ásta Axelsdóttir, Ingibjörg Bryndís Árnadóttir, Matthildur Sigurjónsdóttir, Sigurgeir Ísaksson, Jóna Berg Garðarsdóttir og Sveinn Sigurbjörnsson.

Úr sér gengin í nefndinni eru sá sem þetta talar ásamt Ástu og Sveini en Ágúst gjaldkeri hættir af frjálsum vilja. Þeim þakka ég frábær störf. Í nefndina koma Júlíana Kristjánsdóttir, Hörður Gunnarsson, Hrefna Hreiðarsdóttir og Ólafur Theódórsson.

Kráarkvöld voru 8, í öllum mánuðum frá september til maí, nema í nóvember en þá var árshátíðin. Á kráarkvöldum sem standa frá kl. 20:30 til miðnættis oftast á laugardagskvöldum er höfuðáhersla lögð á að fólk hittist til að dansa og skemmta sér. Að auki er uppbrotsatriði í hléi og þar komum við í nefndinni með eitthvað upplífandi. Einstaka sinnum kemur þar að fólk utan nefndar en engum hcfur verið greitt fyrir það. Aðsókn á kráarkvöldin hefur verið mjög góð enda ekki margir staðir á Akureyri þar sem fólk getur farið út að dansa á skikkanlegum tíma. Helsta breyting til batnaðar á háttum fólks finnst mér vera



sú að það mætir snemma og oft er þorri gesta mættur kl. 20:30 þegar hljómsveitin byrjar að spila. Einnig er meðalaldur að lækka. Fjörtappar hafa spilað á öllum dansleikjum á þessu starfsári sem endranær.

Árshátíðin var föstudaginn 16. nóvember, var með hefðbundnu sniði, hátíðarkvöldverður, skemmtiatriði og dans. Aðalnúmer kvöldsins var söngur Guðrúnar Aspar Sævarsdóttur við undirleik Helenar Guðlaugar Bjarnadóttur og gerðu þær stóllur afar vel. Uppselt var.

Bingóið er á þriðjudögum kl. 13:15 hér í salnum. Skemmtinefndarfolk stjórnar bingóinu til skiptis en starfsfólkið hér hefur kaffi og meðlæti á boðstólum á eftir. Milli aðalfunda hafa 34 bingó verið og á okkar vegum verða bingó út maí. Yfirleitt mæta á bingóið um það bil 22 konur og tveir karlmenn. Þess má geta að nóg pláss er fyrir fleiri þátttakendur og eru allir eldri borgarar velkomnir.

Vorgleðin sem haldin er í samstarfi við kaffinefndina er síðasta laugardag í apríl. Seinast var húsfyllir. Þá er sumri fagnað, boðið upp á kræsingar af hlaðborði, söngatriði, gamanmál og dans. Við lofum vandaðri dagskrá og miklum krásum á væntanlegri vorgleði laugardaginn 27. apríl klukkan 14:30 hér í salnum. Að sjálfsgöðu verður dansað í lokin.

Jólagleðin sem farin var í Mývatnssveit og haldin í samvinnu við ferðanefnd, var farin 4. til 5. desember. Á leiðinni austur var fyrst komið við á Húsavík þar sem snædd var súpa og síðan farið í sjóböðin. Jólhlaðborðið og gistingin var á nýlegu Fosshóтели norðan vatns og líkaði vel.

Skemmtinefndin er fjárhagslega sjálfstæð, greiðir sínar auglýsingar og kostnað. Í sjóði er nægjanlega mikið til að standast uppskerubrest og greiða aðkeyptum skemmtikröftum á stærstu viðburðum. Eftir kráarkvöldið í mars 2019 er í sjóði skemmtinefndar rúmlega 500 þúsund. Ómetanlegt er að hafa afnot af húsnaðinu hér án endurgjalds. Fundir skemmtinefndar á starfsárinu voru 10.

Þegar lítið er til baka þessara fjögurra eða fimm ára er efst í huga þakklæti til fólksins sem ég hef unnið með í nefndinni og makar þeirra fá einnig þakklæti mitt. Þetta fólk, þau hafa gefið mér margt og allir alltaf tilbúinir að glíma við þau verkefni sem hefur þurft að leysa. Ég þakka þeim samstarfið svo og öðrum sem lagt hafa okkur lið og ekki síst ykkur góðir félagar sem sótt hafið viðburðina og gert starfið léttara og þægilegra. Ég óska skemmtinefndinni farsældar í starfi og okkur öllum velfarnaðar.

**Spilanefnd félagsvistar** Gunnar Brynjar Jóhannsson flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 – 2019. Spilanefnd félagsvistar var þannig skipuð: Gunnar B. Jóhannsson formaður, Magnús Kristinsson, Ásta Þorsteinsdóttir, Kristinn Gunnar Sigurðsson, Jósefína Stefánsdóttir, Sigríður Steinþórsdóttir og Guðbjörg Bergsveinsdóttir.

Á síðasta ári spiluduðum við í 44 skipti. Þar mættu 2940 manns. Það eru að meðaltali 67 manns á kvöldi. Innistæða 15. mars síðast liðinn var kr. 245.000.

Við erum með tertuveislu þrisvar sinnum á vetri. Það er engin verðbólga hjá okkur. Það kostar enn þá kr. 500 inn og 100 kr. kaffibollinn. Við borgum í vinninga kr. 22.000 og þar að auki tvo frímiða með lengstu setu og lægsta skor.

**Spilanefnd fyrir keppnisbridds**, Þorsteinn Friðriksson formaður nefndarinnar flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 – 2019. Nefndina skipa Þorsteinn Friðriksson og Brynja Friðfinnsdóttir og sjá um keppnisbridds í Bugðusíðu á fimmtudögum frá kl. 13 – 16. Tvímenningur hefur eingöngu verið spilaður í vetur því fjöldi spilafólks er breytilegur frá degi til dags, getur verið yfirseta og þá þarf ekki að vísa fólki frá. Við tókum upp borðgjald sem er 100 kr. pr skipti og ætlað til að dekkja kaup verðlauna og kannski eitthvað fleira. Inneign á reikningi er nú um kr. 72.000 og á eftir að bætast eitthvað við. Við ætlum að spila 4. apríl og 8. apríl tvímenning sem eina keppni og nefna vortvímenning, veita verðlaun fyrir þrjú efstu sætin og einnig verðlaun fyrir samanlagðan árangur vetrarins.

Við ætlum að hittast 2. maí sem lokadag og spila einhver spil, fá okkur kaffi og veita verðlaun. Við byrjuðum að spila 20. september 2018 og verðum búin að spila í 27 skipti alls. Góð þáttaka hefur verið í vetur og spilað á 7 – 9 borðum. Auglýst verður svo í Dagskránni tímanlega hvenær byrjað verður aftur í haust.

**Fyrirspurnir og umræður um skýrslur flytjenda.** Sá eini sem kvaddi sér hljóðs um skýrslurnar var Hjörleifur Hallgríms Herbertsson sem þakkaði nefndunum góð störf!

## **Kaffihlé í 25 mín.**

### **6 Skýrslur nefnda og annarra hópa EBAK.**

**Skýrsla Bugðusíðunefndar,** Hulda Eggertsdóttir formaður nefndarinnar flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 – 2019. Nefndina skipuðu Hulda Eggertsdóttir formaður, Svavar Páll Laxdal ritari, Edil Jensdóttir, Eygló Óladóttir, Jóséfína Stefánsdóttir og Soffía Jónasdóttir.

Einnig var starfsmaður í hlutastarfi frá stjórn EBAK.

Nefndin tók við starfseminni þann 1. júní 2018 og hafði opið alla virka dag kl. 9 – 15. Reynt var að halda sig við svipaða dagskrá eins og veturinn áður:

Pálínukaffi á mánudögum, bingó á þriðjudögum, spilað á miðvikudögum, þaravist á fimmtudögum en lokað eftir hádegi á föstudögum.

Matur var til sölu í hádeginu 2 daga í viku, þriðjudaga og fimmtudaga. Einnig reyndum við að hafa handavinnustofuna opna eins og hægt var. Í júlí var opið frá 9 – 12 virka daga, morgunkaffi blöðin og fleira. Við notuðum síðan júní dagskrána í ágúst og til 15. september.

Við enduðum síðan eins og venjulega með veislu, - þar svignuðu borð undan veisluföngum. Haldin var tískusýning og fleira var til gamans gert.

Aðsóknin í sumar var mjög góð og ánægjulegt að sjá hvað margir nota sér aðstöðuna hér árið um kring. Að endingu vil ég þakka öllu nefndarfólkinu mínu fyrir frábært samstarf og einnig henni Lindu okkar sem stóð við bakið á okkur í blíðu og stríðu. Svona fólk er ómissandi. Einnig vil ég þakka stjórn EBAK fyrir að vera okkar bakhjarl hvernig sem allt veltur.

**Gönguklúbbur** Jónas Stefánsson talsmaður nefndarinnar flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 – 2019.

Eins og mörgum ykkar er kunnugt, og til upplýsinga fyrir þá sem ekki þekkja til var boðað til fundar hér í þessum sal í maí 2017. Efni þess fundar var stofnun gönguklúbbs sem hafa skyldi það að markmiði að efna til gönguferða, lengri og eða erfiðari en gangan í Kjarnaskógi bauð upp á. Til að leiða þennan gönguklúbb, fyrstu skrefin gáfum við þrjú kost á okkur, þ.e. Valgerður Jónsdóttir, Svala Sigurðardóttir og ég, Jónas Stefánsson.

Á facebook vef EBAK mátti sjá og má sjá auglýsingar um fyrirhugaðar ferðir með helstu upplýsingum um göngurnar, svo sem lengd göngu, áætlaðan göngutíma, gönguhækkun, undirlag, skó og fatnað ef þess gerðist þörf, notkun göngustafa og að fluttur yrði fræðslupistill um göngusvæðið.

Þetta var mjög skemmtilegt, og það svo að við gáfum öll þrjú kost á okkur til áframhaldandi setu í göngunefnd liðins árs. Okkur fannst það annars nokkuð bindandi samkvæmt reynslu eftir göngur sumarsins 2017 að vera bara þrjú í nefndinni þó að gengið væri á tveggja vikna fresti hvað þá ef gengið yrði vikulega, eins og mikill hljómgrunnur var fyrir. Því var það að við fengum þrjá einstaklinga til viðbótar til að taka sæti í nefndinni. Tveir þeirra heltust síðan fljótt úr af persónulegum ástæðum, þannig að við vorum fjögur sem stýrðum þessu s.l. sumar, Við bættist Magnús Friðriksson

Fjölmargar gönguhugmyndir, eða um fjörutíu voru ræddar á nokkrum fundum og að lokum voru þær 12 tillögur að gönguleiðum valdar sem gengnar voru s.l. sumar.

Auk þessa náðum við samkomulagi við Ferðafélag Akureyrar um að við EBAK félagar mættum fara í allar eins dags göngur með ferðafélaginu á sama verði og félagar í FFA greiddu. Alls voru það um 10 gönguferðir sem FFA fór sem hentuðu okkar göngufólki. Ég veit svo ekki um aðra en ég fór í nokkrar göngur með FFA.

Veðurguðirnir voru okkur ákaflega hliðhollir, með yfirleitt björtu veðri og hlýju, þó voru höfð dagaskipti á tveimur göngum vegna úrkomu. Allar gönguferðirnar voru án óhappa og tókust vel sem var sérstaklega

ánægjulegt fyrir okkur aðstandendur þessara gönguferða. Er göngufólki hér með þakkað hvað vel tókst til.

Þátttaka var yfirleitt góð, og fór vaxandi eftir því sem á sumarið leið. Fyrsta gangan var farin 7. júní og sú síðasta 26. Ágúst. Í einni göngu voru 12 þátttakendur, í þremur voru þeir 14, í einni voru þeir 15, í einni voru þeir 16, í einni voru þeir 19, í einni voru þeir 20, í einni voru þeir 22, í einni voru þeir 26, í einni voru þeir 30, og í einni voru þeir 38. Samtals voru göngumenn 240 í þessum 12 gönguferðum sem gerði að meðaltali 20 manns í hverri göngu

Síðasta og lengsta gangan var umhverfis Ljósavatn. Hún endaði með kaffi og meðlæti á Fosshóli, Það var notalegur endir á ágætu göngusumri að setjast sameiginlega niður og njóta ágætra veitinga hjá þeim á Fosshóli.

Þar með var skipulögðu göngusumri lokið. Til gamans má geta þess að einn göngugarpurinn í þessari Ljósavatnsgöngu var 85 ára gömul kona, sem gekk þessa tæplega 10 km. löngu leið.

Við Valgerður höfum ákveðið að draga okkur út úr göngunefndinni. Sú ákvörðun lá fyrir við lok síðustu göngu sumarsins, ég vil þakka henni sérstaklega fyrir frábært samstarf þessi tvö sumur. Það verður hlutverk nýrrar göngustjórnar að skipuleggja framhaldið. Ég hygg að byggja megi á reynslu af þessum tveimur göngusumrum og lagfæra og bæta það sem betur má fara eða ekki tókst nógu vel.

Ég vil þakka stjórnarmönnum í EBAK fyrir þátttöku í göngunum og sýna með því stuðning við þær í verki. Að lokum vil ég þakka samstjórnarmönnum mínum fyrir samstarfið og óska þeim, nýrri göngustjórn og ykkur öllum allra heilla.

**Netmiðlanefnd.** Hallgrímur Gíslason flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2018 – 2019

Nefndarmennirnir Hallgrímur Gíslason og Garðar Lárusson sjá um að setja allt efni inn á heimasíðuna *ebak.is* og að hluta til inn í fésbókarhópinn *EBAK Félag eldri borgara á Akureyri*. Nefndaformenn og fleiri setja þangað inn efni frá sínum nefndum eða hópum, þökkum við kærlega fyrir það.

Við þurfum að hjálpast að til að gera miðlana enn fjölbreyttari og áhugaverðari. Þess vegna hvetjum félagi okkar alveg eindregið til að setja inn fréttir, myndir og frásagnir frá atburðum á vegum félagsins inn í fésbókarhópinn eða senda okkur efnið til að setja inn þar eða á heimasíðuna.

Notkun á heimasíðunni eykst ár frá ári. Við hvetjum þá félagi sem ekki fá fréttir af síðunni í tölvupósti til að fara inn á *ebak.is* og skrá sig á póstlista. Á heimasíðunni eru tenglar á ýmsar gagnlegar netsíður, sem er ástæða til að skoða og kynna sér.

Meðlimafjöldi fésbókarhópsins hefur aukist um tæp 80% á milli aðalfunda, en samt eru þar ekki nema rúmlega 20% félagsmanna. Þar er meira efni frá starfinu en á heimasíðunni. Við hvetjum þau ykkar sem ekki eru komin í hópinn að finna hann á Facebook og óska eftir að gerast meðlimir.

Allar ábendingar um efni og það sem hugsanlega má betur fara eru vel þegnar.

Við Garðar þökkum notendum miðlanna ánægjulegt samstarf á árinu og hvetjum alla til að nýta það efni sem sett er inn. Slíkt er til hagsbóta fyrir félagið sjálft og okkur öll.

**Kór eldri borgara.** Jónasína Arnbjörnsdóttir formaður flutti skýrslu kórsins fyrir 2018 – 2019

Ágætu félagar! Eg kem hér fyrir hönd kórs eldri borgara Í Fínu Formi og hef verið formaður hans frá hausti 2017. Kórinn er nú á sínu 33. starfsári og telja tæplega 60 manns. Æfingar eru sem fyrr tvisvar í viku mánud. og fimmtud. 2 klst. í senn í samverusál í Víðilundi, en þar er góð aðstaða. Kórfélagar greiða 1500.- kr. á mánuði í félagsgjöld meðan kórinn starfar en frí er yfir 3 mánuði sumars. Stjórnandi er Petra Björk Pálsdóttir og meðleikari Valmar Valjaots.

Eg fer nú yfir helstu atburði frá marsmánuði 2018 til dagsins í dag.

- Kórinn okkar var beðinn um að syngja í Háskóla Ak. þann 12. apríl á ráðstefnu sem bar yfirskriftina “Maður er manns gaman” sungum við 7 lög við góðar undirtektir.
- Laugard. 14. apríl voru vortónleikar í Akureyrarkirkju sem tókust afar vel. Einsöngvari var Þór Sigurðsson.

- Sunnud. 22. apríl var kóramót á Dalvík þar sem komu saman 5 kórar eldri borgara af Norðurlandi og söng hver kór 5 lög. Þetta var allt hin besta skemmtun, semendaði með sameiginlegum kvöldverði og gamanmálum í Árskógi.
- Sunnud. 29. apríl sungum við messu í dvalarheimilinu Lögmanshlíð.
- 10. maí Uppstigningardag á degi aldraðra sungum við messu í Akureyrarkirkju.
- 14. - 16. maí var Vorferð kórsins sem tókst með afbrigðum vel. Farið var í Vestur-Húnav.sýslu, gist á Hótel-Laugarbakka. Tónleikar voru fyrir fullu húsi í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Kórfélagar töldu 44 en í heild vorum við 62. Leiðsögumaður um Vatnsneshringinn var Karl Á. Sigurgeirsson sem var alveg stútfullur af fróðleik um svæðið.
- Fimmtud. 13. sept. var aðalfundur kórsins haldinn í samverusal í Víðilundi. Þá komu inn margir nýir og öflugir söngmenn og konur.
- 14. nóvember var haldið bingó en þar vinna nokkrir kórfélagar flott starf.
- Fimmtud. 29 nóvember var jólahlaðborð haldið í Golfskálanum að Jaðri.
- 3. des. sungum við jólasöngva í Grenilundi á Grenivík
- Þann 6. desember var sungið á Dvalarheimilinu Hlíð
- Mánud. 10. des. sungum við fyrir aldraða á dvalarheimilinu Lögmanshlíð
- 13. des. Fórum við í Kristnes og sungum þar.
- Þann 16. desember voru jólatónleikar kórsins okkar í Gleráarkirkju ásamt kór kirkjunnar. Tónleikarnir tókust mjög vel og má segja troðfullt út úr dyrum.
- Á Gamlársdag voru messur á báðum dvalarheimilum Akureyrarbæjar þar sem kórin söng.
- Á bóndadag söng hluti kórsins ásamt kvennakór og karlakór þorrasöngva á báðum dvalarheimilum.
- 15. febrúar héldu kórfélagar ásamt gestum árshátíð sem var haldin að Jaðri í Golfskála þar sem Vídalínveitingar sáu um mat af sinni alkunnu snilld. Gamanmál og dans fram yfir miðnætti.
- 20. febr og 20. mars var bingó. Þess skal getið að allir sem styrkja kórin á einhvern hátt er boðið á vortónleikana.
- Vortónleikar Kórs eldri borgara í Akureyrarkirkju voru síðasliðinn laugardag þar sem einsöngvari með kórnum var Baldvin Kr. Baldvinsson. Tónleikarnir tókust mjög vel.

Eg vil að lokum geta þess að kórin er að fara til Færeyja um miðjan maí en meira um það síðar.

Stjórn Kórsins "Í FINU FORMI" skipa formaður Jónasína Arnbjörnsdóttir, varaformaður Fríður Norðkvist, gjaldkeri Sigrún Sæmundsdóttir, ritari Sigríður Guðmundsdóttir, meðstjórnandi Rósa Gunnarsdóttir Kórstjóri er Petra Björk Pálsdóttir, meðleikari Valmar Valjaots, nótnav. Kristbjörg Gunnarsd. og Ragnheiður Brynjólfsd. Endursk. Sigurgeir Ísakss. og Sigurður Jóhanness. Ferðanefnd skipa Jóna Berg Garðarsd. Inga B. Ingólfssd. og Vilhelm Arthurss. Auk þess frábært fólk í Bingónefnd og kaffiumsþjón.

Eg hef nú minnst á það helsta sem er að gerast í kórnum okkar, en þar ríkir góður starfsandi og mætingar góðar því "Söngurinn göfgar og glæðir, Guðlegan neista í sál"! TAKK FYRIR!

### **Notendaráð** Páll Magnússon talsmaður ráðsins flutti skýrslu fyrir 2018 – 2019

Notendaráð er hugsað sem tengiliður milli starfsfólks og notenda félagsmiðstöðvanna í Víðilundi og Bugðusíðu. EBAK á tvo fulltrúa í ráðinu. Hlutverk notendaráðs er að vera talsmenn fólksins, sem nýtir þjónustuna og taka við ábendingum og tillögum um starfsemina. Notendaráð hefur tekið virkan þátt í félagsstarfinu og m.a. haft veg og vanda af árlegri aðventuskemmtun í desember.

Fundir eru haldnir reglulega yfir veturinn, annan föstudag í hverjum mánuði, til skiptis í Víðilundi og Bugðusíðu, og oftast ef tilefni er til. Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 8 fundir.

Sl. vor var haldinn markaðsdagur í Víðilundi, þar sem handverksfólki gafst kostur á að leigja sér borð og selja handverk. Í ár er fyrirhuguð hefðbundin handverkssýning. Notendaráð mun samkvæmt venju sjá um kaffisölu þann dag.

Í ráðinu eru nú: Fulltrúar notenda, Fjóla Hermannsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Páll Magnússon, Lárus Hafsteinn Sigurðsson, Hugrún Hólmsteinsdóttir, Sveinn Sigurbjörnsson og Sigríður Guðmundsdóttir. Varamenn eru Unnur Þorsteinsdóttir og Kristjana Guðmundsdóttir. Fulltrúar EBAK eru Hulda Eggertsdóttir og Egill Jónsson.

**Öldungaráð** Sigríður Stefánsdóttir, varaformaður Öldungaráðs Akureyrarbæjar flutti skýrslu fyrir 2018 – 2019. Á aðalfundi EBAK 2018 fór fram kosning um fulltrúa Félags eldri borgara í öldungaráð til fjögurra ára. Kosningu hlutu Sigríður Stefánsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Halldór Gunnarsson og varamaður, Jón Aðalsteinn Hermannsson.

Það ár sem nú er liðið hefur orðið öðruvísi en við ætluðum. Öldungaráð voru sett upp að frumkvæði félaga og Landssambands eldri borgara, þar sem meginmarkmiðið var að sá hópur kæmi að allri stefnumótun og gæti haft frumkvæði og átt samvinnu við fulltrúa sveitarfélaganna um þróun þjónustu og verkefna. Vorið 2018 var samþykkt á alþingi breyting á félagsþjónustulögum, sem tók gildi í október, þar sem kveðið er á um skyldu til að stofna öldungaráð, en skilgreind verkefni taka meira mið af fyrrum verkefna þjónustuhópa þ.e. að hafa eftirlit með framkvæmd ákveðinna þátta félagsþjónustu, en fyrrverandi öldungaráða – þ.e. víðtæk hagsmunagæsla og frumkvæði. Þetta varð til þessa að bæjarstjórn kaus ekki nýja fulltrúa í öldungaráð, heldur fól þeim sem áður sátu að starfa áfram meðan unnið væri að nýrri samþykkt.

Fyrsta verkefni sem óskað var eftir að öldungaráð tæki þátt í var að tilnefna fulltrúa í dómnefnd um nafn á nýrri göngubrú við Drottningarbraut. Valgerður Jónsdóttir tók þetta að sér. Niðurstaðan varð að brúin heitir Samkomubrúin.

Öldungaráð hélt fjóra bókaða fundi á árinu.

Á fundi sem boðað var til 7. ágúst var farið yfir hugmyndir að framtíðaruppbyggingu við Öldrunarheimili Akureyrar. Ráðið studdi að til heilbrigðisráðuneytisins yrði sótt um frekari uppbyggingu hjúkrunarrýma og jafnframt breytingar á þjónustu. Ráðið bókaði einnig að það legði áherslu á að öldrunarþjónusta yrði heildstæð og að allir þættir hennar yrðu til umræðu – og að fyrirætlanirnar yrðu kynntar á opnum fundi eldri borgara.

Á fundi þann 9. október var vetrarstarf á Punktinum og Víðilundi kynnt. Einnig var fjallað um endurskoðun samþykktar um öldungaráð og óskað eftir því, að bæjarráð setti á fót vinnuhóp til að endurskoða samþykktina. Á þessum fundi var Sigríður Stefánsdóttir kosin varaformaður öldungaráðs. Fulltrúar félags eldri borgara höfðu unnið að nokkrum tillögum sem þeir lögðu fram á þessum fundi. Í þeirri fyrstu var lagt var til að farið yrði markvisst í heilsuefningu eldri borgara, að frístundatyrkir verði greiddir til þeirra til eflingar á líkamlegri og andlegri færni – og bent á stefnu Hafnarfjarðarbæjar sem fyrirmynd. Einnig var lagt til að ókeypis yrði í sund fyrir eldri borgara í sundlaugum bæjarins. Gögn, sem við öfluðum, sýndu að ókeypis er í sund fyrir þennan hóp í langflestum stærri sveitarfélögum á landinu. Í annarri tillögu var lagt til að teknar yrðu saman upplýsingar og samanburður á gjaldi fyrir ýmsa þjónustu s.s. heimaþjónustu, seldan mat í félagsmiðstöðvum og heimsendan, tómstundastarf og akstur. Í þriðju tillögunni, var lagt til að þegar yrði hafin vinna við að samræma upplýsingar, yfirsýn og tengiliði vegna heimaþjónustu og stoðþjónustu. Öllum þessum tillögum var vísað til hlutaðeigandi nefnda, sumar eru enn í vinnslu, en öðrum var hafnað s.s. tillögum um frístundastyrk og ókeypis í sund. Öllum tillögum þarf að fylgja betur eftir á nýju starfsári.

Á fundum 21. janúar og 13. febrúar var fjallað um nýja samþykkt um öldungaráð. Ekki hafði orðið af því að skipa starfsfshóp til vinna það verk, heldur voru lögð fram drög, sem fulltrúar eldri borgara gátu ekki sætt sig við, enda töku þau aðeins mið að verkefnum skv. nýjum félagsþjónustulögum, en ekki því víðtæka hlutverki sem hafði verið í fyrri samþykkt um öldungaráð. Einnig var ráðið skv. þessum drögum ekki hluti af bæjarkerfinu heldur aðeins laustengdur samráðsvettvangur. Fulltrúar félags eldri borgara höfðu áður en þessi drög voru lögð fram tekið frumkvæði og kynnt sér m.a. hvernig Reykjavíkurborg hafði unnið að þessu máli. Í samráði við stjórn EBAK lögðum fram mjög ákveðnar breytingatillögur í tvígang. Niðurstaðan varð sú, að tekið var tillit til okkar sjónarmiða og ný samþykkt í þeim anda sem við

lögðum til var samþykkt í bæjarstjórn 19. febrúar sl. Jafnframt voru þá kosnir þrír nýir fulltrúar bæjarstjórnar. Í ráðinu hefur fjölgað úr 5 í 7. Fulltrúar bæjarins eru 3 í stað 2 áður, einn fulltrúi kemur nú frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands og þrír frá félagi eldri borgara eins og áður. Varamenn eru jafnmargir fulltrúum í ráðinu. Þótt vinna við þessa nýju samþykkt hafi tekið bæði kraft og tíma, er nú kominn góður grundvöllur fyrir frekara starf. Frumkvæðis- og umsagnarhlutverk er skýrt, kveðið er á um að ráðið starfi í umboði bæjarstjórnar og skuli verða bæjarstjórn, nefndum og ráðum til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa 67 ára og eldri. Einnig á ráðið að stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Akureyrarbæjar við hagsmundasamtök eldri borgara. Ráðið á að fá til umsagnar málefni sem varða stefnumótun og þjónustu. Fundir skuli vera að jafnaði 6 – 8 árlega, sem er fjölgun enda hlutverkið orðið víðtækara. Einnig eru ákvæði um árlegan fund með bæjarstjórn.

Ágætu fundarmenn. Þótt við þrjú sem erum fulltrúar félagsins í öldungaráði hefðum frekar kosið að verja tíma okkar í að vinna beint að brýnum hagsmunamálum, en stappi um nýja samþykkt var sú vinna nauðsynleg. Einn lærdómur er, að sífellt þarf að vera á verði, það sem einu sinni hefur náðst fram, helst ekki endilega fyrirhafnarlaust. Við höfum náð og unnið vel saman og verið í góðu sambandi við stjórn félagsins. Það skapar vonandi góðan grunn að áframhaldandi starfi.

**Engar fyrirspurnir eða umræður voru um skýrslur flytjenda.**

## **7. Kosningar í stjórn og nefndir félagsins.**

Baldur Þorsteinsson, talsmaður uppstillinganefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og kynnti uppstillingalistann. Í nefndinni voru Baldur Þorsteinsson, Kolbeinn Sigurbjörnsson, Hugrún Hólmsteinsdóttir, Sævar Hallgrímsson og Arnheiður Kristinsdóttir.

Leitast var við að fylgja þeim ásetningi félagsins að kynjahlutföll væru sem jöfnust í nefndum þótt ögn misjafnlega tækist til í þeim efnum. Listinn er sjálfkjörinn og hefur verið lagður fram.

**Tillögur uppstillinganefndar um skipan stjórnar og nefnda EBAK starfsárið 2019 – 2020:**

### **Stjórn félagsins 2019-2020**

Kjört.bil	árafj.	nafn	kennitala
<b>Formaður</b>			
2016-2020	4	Haukur Halldórsson	250145-2629
<b>Aðalstjórn</b>			
2016-2020	4	Margrét Pétursdóttir	250546-3359
2018-2020	2	Garðar Lárusson	260750-2089
2016-2020	4	Dóra Steinunn Jónasdóttir	120151-2319
2019-2021	1	Birgir B. Svavarsson	140645-4439
2017-2021	3	Hallgrímur Gíslason	240948-7619
2019-2021	1	Nanna B Þórsdóttir	090645-7069
<b>Varastjórn:</b>			
2017-2021	3	Egill Jónsson	300549-2099
2019-2021	1	Sigurður Harðarson	016552-3879
2019-2021	1	Torfhildur S. Þorgeirsdóttir	290451-2059

### **Nefndir 2019 - 2020 (kosnar til eins árs)**

#### **Ferðanefnd:**

2019-2020	1	Sigurður Hermannsson	160845-3179
2019-2020	1	Þorbjörg Jónasdóttir	211047-7889
2019-2020	1	Sævar Ingi Jónsson	180848-3479
2015-2020	5	Karl Steingrímsson	210942-4919

2016-2020	4	Ásgerður Snorradóttir	220342-4929
2019-2020	1	Ragnheiður Kjærnested	200647-4599
2019-2020	1	Helga Frímansdóttir	090647-2619

**Fræðslunefnd:**

2016-2020	4	Hólmfríður Guðmundsdóttir	250844-4769
2016-2020	4	Grétar G. Ingvarsson	230552-4799
2016-2020	4	Stefán Vilhjálmsson	110949-3169
2017-2020	3	Guðrún Sigurðardóttir	101048-2339
2017-2020	3	Ragnheiður Gestsdóttir	090743-3769

**Golfnefnd:**

2019-2020	1	Eyþór Gunnþórsson	050349-3149
2018-2020	2	Ingi Þór Jóhannsson	260944-2319
2018-2020	2	Sólveig Gunnarsdóttir	170444-2139

**Göngunefnd:**

2016-2020	4	Soffía Jónsdóttir	170747-2839
2016-2020	4	Júlíana Tryggvadóttir	090843-7619
2016-2020	4	Jakob Jóhannesson	150244-2699
2018-2020	2	Finnur Ö. Marinósson	210343-3939
2019-2020	1	Árni Sverrisson	181044-4469

**Kaffinefnd:**

2018-2020	2	Nína Ingvadóttir	091047-8029
2016-2020	4	Sigurveig G Einarsdóttir	060636-4789
2019-2020	1	Svana Aðalbjörnsdóttir	060946-4509
2019-2020	1	Alda Traustadóttir	180448-2769
2019-2020	1	Soffía Valdemarsdóttir	090549-2199

**Skemmtinefnd:**

2019-2020	1	Júlíana Kristjánsdóttir	050549-3999
2019-2020	1	Hörður Gunnarsson	280342-4089
2018-2020	2	Sigurgeir Ísaksson	130237-4369
2018-2020	2	Jóna Berg Garðarsdóttir	241043-2749
2018-2020	2	Freysteinn Bjarnason	290845-2469
2018-2020	2	Ingibjörg Árnadóttir	121246-4579
2018-2020	2	Matthildur Sigurjónsdóttir	071244-3939
2019-2020	1	Hrefna Hreiðarsdóttir	030848-3069
2019-2020	1	Ólafur Theódórsson	170847-4319

**Spilaneindir:**

**a) Félagsvist:**

2015-2020	5	Gunnar Jóhannsson	180835-2539
2018-2020	2	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	200447-3879
2018-2020	2	Jósefína Stefánsdóttir	31249-4389
2018-2020	2	Kristinn G Sigurðsson	220948-4479
2018-2020	2	Sigríður Steinþórsdóttir	141050-4009
2019-2020	1	Páll Pálsson	190646-3009
2019-2020	1	Ketill Hólm Freysson	070656-2729

**b) Bridds:**

2017-2020	3	Brynja Friðfinnsdóttir	080549-4239
2017-2020	3	Þorsteinn Friðriksson	110846-7899

**Tillaga stjórnar og uppstillinganefndar um skoðunarmenn reikninga:**

2015-2020	Ásgerður Snorradóttir	220342-4929
2015-2020	Baldur Guðvinsson	080642-2459

## 8. Tillaga stjórnar um uppstillinganefnd fyrir aðalfund í mars 2020

**Fundarstjóri** kynnti tillögu stjórnar um fulltrúa í uppstillinganefnd. Listinn er sjálfkjörinn.

2016-2020	4	Baldur Þorsteinsson	190546-3309
2016-2020	4	Kolbeinn Sigurbjörnsson	241246-2569
2019-2021	1	Snjólaug Sigurðardóttir	070856-4259
2019-2021	1	Þorgerður Þorgilsdóttir	291149-2949
2017-2021	3	Arnheiður Kristinsdóttir	251040-3699

## 9. Tillaga frá stjórn EBAK til aðalfundar 2019

Á aðalfundi EBAK 2018 fór fram kosning fulltrúa félagsins í öldungaráð Akureyrarbæjar. Kosnir voru 3 fulltrúar og einn til vara samkvæmt samþykkt ráðsins sem tók gildi árið 2015.

Vegna breytinga á lögum um þjónustu við aldraða var ný samþykkt fyrir öldungaráð bæjarins afgreidd á bæjarstjórnarfundi 19. febrúar sl. Þar segir m.a. í 4. gr. - EBAK skipar þrjá fulltrúa og þrjá til vara í ráðið. Þau þrjú sem kosin voru á aðalfundi 2018, Halldór Gunnarsson, Sigríður Stefánsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, eru öll tilbúin að sitja áfram í ráðinu. Stjórn EBAK leggur til að þau verði fulltrúar félagsins út kjörtímabilið.

Jón Aðalsteinn Hermannsson, sem kosinn var varafulltrúi 2018, býr nú erlendis og hefur af þeirri ástæðu óskað eftir að hætta í ráðinu.

Stjórn EBAK hefur tilnefnt þrjá varafulltrúa í öldungaráð í þessari röð; Hallgrímur Gíslason, Hrefna Hjálmarasdóttir og Hjörleifur Hallgríms Herbertsson. Það er ósk stjórnar að aðalfundar EBAK haldinn 1. apríl 2019 samþykki þá tillögu, sem hér er lögð fram um fulltrúa og varafulltrúa félagsins í öldungaráði Akureyrarbæjar á yfirstandandi kjörtímabili.

Akureyri 1. apríl 2019 Stjórn EBAK

Tillagan samþykkt samhjóða.

## 10. Ályktun fundarins.

### Ályktun aðalfundar EBAK 2019.

Á aðalfundi Félags eldri borgara á Akureyri sem haldinn var 1. apríl 2019 lagði stjórn félagsins fram eftirfarandi tillögu:

Í velferðarstefnu Akureyrarbæjar segir m.a. að eitt af markmiðum bæjarins sé að leggja sérstaka áherslu á hreyfingu og almenna heilsueflingu eldri borgara. Aðalfundur EBAK telur mikilvægt að Akureyrarbær í samstarfi við félagið fylgi þessari stefnumörkun eftir með markvissum hætti. Það verði best gert með því að fela öldungaráði Akureyrarbæjar að hafa forgöngu um stofnun starfshóps til að undirbúa aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára, sem feli í sér aukna almenna heilsueflingu og hreyfingu eldri borgara í bæjarfélaginu. Verkefnið verði unnið í samráði og samstarfi við öldungaráð og Félag eldri borgara á Akureyri.

Akureyri 1. apríl 2019 Stjórn EBAK

Tillagan samþykkt samhjóða.

## 11 Önnur mál:

Hildur Svala Karlsdóttir spurði hver ætti að senda ályktanirnar til Bæjarstjórnar og Öldungaráðs? Svar: Ritarar.

Nýjir stjórnar- og nefndarmenn boðnir velkomnir og fyrsti fundur nýrrar stjórnar EBAK boðaður kl. 13 3.apríl.

Fulltrúar í stjórn og nefndum félagsins sem hætta störfum voru kvaddir og þeim færð rós. Þeir eru alls 23 en 2 voru að hætta í tveim nefndum. Þeir eru:



**Stjórn:**

Halldór Gunnarsson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Kolbrún Kristjánsdóttir

**Ferðanefnd:**

Hulda Eggertsdóttir, Hákon Hákonarson, Rafn Sveinsson, Karl Jörundsson, Kolbrún Kristjánsdóttir.

**Golfnefnd:**

Hlynur Jónasson.

**Göngunefnd:**

Unnur Þorsteinsdóttir.

**Gönguklúbbur:**

Jónas Stefánsson, Svala Sigurðardóttir, Valgerður Jónsdóttir.

**Kaffinefnd:**

Ingigerður Traustadóttir, Marta Gestsdóttir, Júlíana G. Kristjánsdóttir.

**Skemmtinefnd:**

Birgir Sveinbjörnsson, Ásta Axelsdóttir, Sveinn Sigurbjörnsson, Ágúst Erlendsson.

**Spilanefnd – félagsvist:**

Ásta Þorsteinsdóttir, Magnús Kristinsson.

**Uppstillinganefnd:**

Hugrún Hólmsteinsdóttir, Sævar Hallgrímsson.

**Fundarslit:** Haukur Halldórsson formaður félags eldri borgara á Akureyri.

Fundargerð rituðu: Margrét Pétursdóttir og Garðar Lárusson.